

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent á: <https://umsagnir.althingi.is/>

19.11.2025

### Frumvarp til laga um flýtimeðferðir í vatnsaflsvirkjunum

Í tillögu að frumvarpi til laga um flýtimeðferðir fimm vatnsaflsvirkjana opinberast viðhorf sem Landvernd á erfitt með að trúa að flutningsmönnum sé alvara með. Sitjandi ráðherra orkumála hefur nú þegar í orði amk. gengið harðar að náttúru landsins en nokkur fyrirrennari hans. Með framlagningu á frumvarpi sem þessu verður ekki annað séð en að sett hafi verið á svið keppni milli stjórnmalaafla hver geti gengið lengst í hernaðinum gegn landinu. Tillögurnar sem hér liggja frammi standast enga skoðun sama frá hvaða sjónarhóli er litið.

Rammaáætlun sem stjórnþæki er í hættu í meðförum þings og ráðherra, en það frumvarp það sem hér liggur fyrir snýr að því að leggja rammaáætlun endanlega niður.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að virkjanakostir sem eru hér lagðir til lúti helst engum lögum eða reglum, heldur verði virkjað hvað sem það kostar í skjóli þeirrar bábilju að raforkuskortur herji svo á íslenska þjóð að það varði við þjóðaröryggi.

#### Sniðganga við lög og reglur

Ásetningur viðkomandi þingmanna virðist fyrst og fremst vera sá að aftengja alla þá helstu þætti sem hafa verið frumskilyrði við undirbúning framkvæmda sem varða m.a. umhverfis- og náttúrufar.

Engin varúðarnálgun, ekkert umhverfismat, engar rannsóknir, skipulagslög aftengd, engin lög um lax- og silungsveiði eða vatnamál. Ekkert af þessu stenst skoðun og með þessu myndi alþingi segja sig frá nær því öllum leikreglum lýðræðis og réttlátrar málsmeðferðar. Með slíkum áformum yrði Arósarsamningurinn sjálfkrafa gerður óvirkur.

#### Óábyrgur hræðsluáróður

Ísland er land með lifandi náttúru. Það að flutningsmenn hafi fengið þá hugmynd að reikna út allar svörtustu myndir sem þeir gátu fundið til að réttlæta útrás fyrir leyfislausar stórvirkjanir með flýtimeðferðaraðferð er yfirklor og hræðsluáróður til að draga athyglina frá sérhagsmunagæslunni. Það er þjóðaröryggismál að halda upplýsingaóreiðu sem þessari frá þjóðinni. Landvernd efast um að spár kjörinna alþingismanna á kaffistofum þingsins um væntanlega eldgosahrinu vítt og breitt um landið byggji á vísindalegum rökum til að réttlæta að ráðast skuli sérstaklega í flýtimeðferð fimm stórvirkjana. Það er fráleitt að mati Landverndar að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar leggi slíkt frumvarp fram sem virðist eins til þess fallið að skapa átök við almenning og náttúruverndarsamtök. Fyrst og síðast verður ekki annað séð en að frumvarpið sé ætlað til heimabruks í pólitískum skylmingum við núverandi orkumálaráðherra um hver geti gengið lengst í yfirlýsingum um meinta orkuneyð, sem engum hefur tekist að sýna fram á.

Landvernd hafnar frumvarpinu og harmar skort á gæðaviðmiðum við framlagningu þingmála.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd stjórnar Landverndar

Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri

